

Alþingi  
Kirkjustræti  
150 Reykjavík

Reykjavík, 5. maí 2017  
Tilvísun ÞÍ: 2017040718/5.15.0


**Efni: Umsögn Þjóðskrár Íslands um frumvarp til breytinga á lögum um íslenskan ríkisborgararétt, nr. 100/1952, með síðari breytingum, 373. mál**

Vísað er til tölvupósts frá nefndarsviði Alþingis, dags. 7. apríl sl., þar sem óskað er eftir umsögn Þjóðskrár Íslands um frumvarp til breytinga á lögum um íslenskan ríkisborgararétt.

Þjóðskrár Íslands er fylgjandi þeim breytingum sem frumvarpinu er ætlað gera á lögum um íslenskan ríkisborgararétt, nr. 100/1952.

Þjóðskrár Íslands telur mikilvægt að reglugerð sú sem kveðið er á um í 8. gr. frumvarpsins verði sett sem fyrst ef frumvarpið verður að lögum og að innihald hennar verði mjög ítarlegt. Telur Þjóðskrár Íslands mikilvægt, í ljósi þeirra tilfella sem komið hafa upp hjá stofnuninni, að gögn er varða skráningu á ríkisfangi barna, sem fædd eru erlendis, sýni með ótvíræðum hætti að skilyrðum íslenskra laga um móðerni og foreldratengsl barns sé fullnægt áður en skráning ríkisfangs getur átt sér stað og að stofnunin hafi ríkar heimildir til að krefjast gagna þessu til staðfestingar.

F.h. Þjóðskrár Íslands



Inga Helga Sveinsdóttir  
Lögfræðingur